

Kaldrananeshreppur
Hlynur Torfi Torfason
Holtagötu
520 Drangsnæs

Reykjavík, 9. janúar 2024
UST202311-047/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Kaldrananeshreppi 2010 - 2030 - Hveravík

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kaldrananeshrepps er barst 6. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030 og nýtt deiliskipulag fyrir nýtt frístundasvæði í Hveravík og færsla verslunar- og þjónustusvæðis í Hveravík.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina nýtt 23 ha frístundasvæði FS14 fyrir 6 frístundahús. Við það eru 20,57 ha teknir úr landbúnaðarsvæði. Svæðinu AS-VÞ-1, sem er blönduð landnotkun verslunar og þjónustu er til einföldunar skipt í tvennt, í 1,22 ha athafnasvæðið AS-5 annarsvegar og hins vegar 1,22 ha verslunar- og þjónustusvæðið VÞ9 og nýju svæðunum gefinn staður við Hveravíkurbæinn. Staðsetning efnistökusvæðis ES8 er leiðrétt á uppdrætti, en það er staðsett á Reykjanesi nærri þjóðveginum.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem skipulagsbreytingin nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist það Hveravík. Verndarsvæðið nær til strandlengjunnar, fjörunnar og grunnsævið frá Reykjanesi að Akranesi. Svæðið er verndað vegna þess að þar er sérstætt dýralíf vegna jarðhita í sjó. Svæðið er merkt sem NMS-343 á uppdrætti aðalskipulagsins og fjallað er um svæðið í greinargerð, en svæðið virðist ekki vera afmarkað á uppdrætti.

Umhverfisstofnun telur ólíklegt að frístundabyggðin hafi áhrif á verndargildi svæðisins. Æskilegt væri að fjalla um fjarlægð byggingareita að strönd og sýna þá fjarlægð á uppdrætti og leggur stofnuni áherslu á að fjörunni verði ekki raskað til verndar lífríkisins.

Skógrækt

Umhverfisstofnun telur jákvætt að hugað sé að skógrækt og annarri landgræðslu. Hins vegar bendir stofnuni á að skógrækt getur haft áhrif á ásýnd og landslag svæðisins og rýrt útsýni og því mikilvægt að setja skilyrði um lágvaxta tegundir trjáa.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram að kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit¹ um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b_minni%20fr%3a1veitur_LOKA.pdf